

Stolt Sea Farm Iceland hf.
Vitabraut 7
233 Reykjanesbæ

Egilsstaðir, 12.4.2023
UST202301-427/F.Æ.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 15.3.2023 - Stolt Sea Farm Iceland hf., Reykjanesi

Þann 15. mars sl. fór fram eftirlit í fiskeldisstöð Stolt Sea Farm Iceland hf. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram.

Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram í eftirlitinu.

Tvær ábendingar voru settar fram er varða:

- 1) Ílát undan formalíni hafa safnast upp á lóðinni og er rekstraraðila bent á að fá þjónustuaðila til að sækja slík ílát reglulega svo þau safnist ekki upp á lóðinni með tilheyrandi hættu á að spilliefni komist út í umhverfið.
- 2) Öryggisblöð eru aðgengileg við inngang í stöðina en hvorki þar sem spilliefni eru geymd né notuð. Rekstraraðila er bent á að hafa öryggisblöð aðgengileg þar sem þörf getur verið á að hafa þau tiltæk.

Virðingarfyllst,

Freyr Ævarsson
Sérfræðingur

Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur